

Minnisblað

Dagsetning: 31. mars 2022

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir,

Viðtakandi: Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra


Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis um stöðu Covid-19 og fjölda Covid tengdra andláta.

I. Staða Covid-19.


Covid faraldurinn á Íslandi náði hámarki 24. febrúar 2022 en þann dag greindust 4.333 einstaklingar. Síðan þá hefur faraldurinn verið á niðurleið og síðustu daga hafa greinst á bilinu 350-670 einstaklingar daglega. Í dag er 14 daga nýgengi Covid-19 um 3.500 einstaklingar á hverja 100.000 íbúa og hefur ekki verið svo lágt síðan í byrjun janúar á þessu ári.

Þar sem að fjöldi greindra smita er nokkuð breytilegur milli daga þá er nauðsynlegt að skoða kúrfu faraldursins með fimm daga meðaltalstölum (5-day moving average) sem sýnir greinlega hraða niðursveiflu.



Mynd 1. Fimm daga meðaltal Covid-19 á Íslandi.

Niðursveifla faraldursins skýrist að einhverju leyti af færri sýnum teknum en breytingar á sýnatökum áttu sér stað 24. febrúar sl. en þá var PCR sýnatökum að mestu hætt. Í stað þeirra voru hraðgreiningapróf notuð í meira mæli bæði hjá heilsugæslunni og einkareknum rannsóknarstofum. Auk þess var fólk hvatt til að nota heimapróf en niðurstöður úr þeim koma ekki fram í opinberum tölum.



Mynd 2. Daglegar sýnatökur vegna Covid-19.

Þann 25. febrúar sl. var öllum takmörkunum vegna Covid-19 hætt bæði innanlands og á landamærum. Þrátt fyrir tilslakanirnar þá hefur faraldurinn verið á niðurleið eins og að framan greinir sem sýnir að ónæmi í samfélaginu er orðið útbreitt bæði vegna góðrar þátttöku í bólusetningum og útbreiddra smita.

Fyrstu tvær vikurnar eftir afléttingu allra takmarkana jókst mjög álag á heilbrigðisþjónustuna bæði vegna útbreiddra veikinda og fjarvista starfsmanna, og vegna fjölgunar innlagna sjúklinga með Covid-19. Innlögnum á gjörgæslu fjölgaði hins vegar ekki. Síðustu 2-3 vikur hefur álag á heilbrigðisstofnanir vegna Covid-19 minnkað og í dag eru 52 einstaklingar inniliggjandi á Landspítala vegna/með Covid-19 og þar af eru tveir á gjörgæsludeild, báðir á öndunarvél. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri eru fjórir inniliggjandi og þar af einn á gjörgæsludeild.

Þannig er ljóst að Covid-19 faraldurinn er á niðurleið í samfélaginu og álag á heilbrigðisstofnanir fer minnkandi. Ómíkrón afbrigði kórónaveirunnar er hér alls ráðandi eins og í öðrum löndum og enn sem komið hafa ekki komið fram afbrigði sem líkleg eru til að ná aukinni útbreiðslu. Hins vegar ekki ljóst hversu lengi vernd eftir náttúrulegar sýkingar eða bólusetningu endist og því þarf að vera viðbúinn því að endursmitum geti fjölgað á næstu vikum og mánuðum jafnvel þó að ný afbrigði komi ekki fram.

II. Fjöldi andláta á Íslandi sem tengjast Covid-19.


Sóttvarnalæknir hefur frá upphafi faraldursins fengið tilkynningar frá læknum um dauðsföll sem tengjast Covid-19. Í fyrstu bylgjum faraldursins sáust dauðsföll sem urðu vegna Covid-19 en eftir að bólusetningar urðu útbreiddar varð ljóst að Covid-19 varð æ meira meðvirkandi þáttur í andlátum einkum hjá eldri einstaklingum og einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma. Í mörgum tilfellum er þáttur Covid í andlátum þannig ekki ljós og því hefur sóttvarnalæknir gefið út skilgreiningu á Covid tengdum andlátum læknum til aðstoðar við að meta þátt Covid-19 í andlátum. Þessar leiðbeiningar sóttvarnalæknis eru í samræmi við alþjóðlegar skilgreiningar. Aðeins þau andlát sem læknar meta að COVID-19 hafi valdið, stuðlað að eða á einhvern hátt átt þátt í ber að tilkynna til sóttvarnalæknis. Í þeim tilvikum þar sem dánarorsök með skýrum hætti tengist ekki Covid-19, á ekki að tilkynna.

Fylgjast má með andlátum á tímum Covid-19 með þrennum hætti:

A. Umframdaugi (excess mortality) eftir mánuðum og vikum síðustu ára án tillits til orsaka.


Upplýsingar um fjölda andláta berast til embættis landlæknis í hverri viku án tillits til orsaka. Þau má flokka eftir aldri og búsetu hinna látnu.

Þegar fjöldi dauðsfalla árána 2018-2022 er skoðaður eftir mánuðum kemur í ljós að marktæk fjölgun var á heildar fjölda andláta í febrúar 2022 miðað við sama mánuð undanfarinna ára.




Mynd 3. Uppsafnaður fjöldi allra andláta á árunum 2018-2022 eftir mánuðum hjá öllum aldurshópum.

Þegar vikulegur fjöldi allra andláta er skoðaður má sjá, að töluverður breytileiki er á fjöldanum milli vikna innan sömu ára og á milli ára. Nokkur fjölgun andláta varð vikum 3, 9 og 10 á árinu 2022 sem voru marktækt fleiri en í samsvarandi vikum undangenginna ára.



Mynd 4. Vikulegur fjöldi allra andláta árána 2018-2022 hjá öllum aldurshópum.

Ef öll vikuleg andlát eru skoðuð hjá aldurshópnum 70 ára og eldri, þá má sjá að fjölgun allra andláta í vikum 3, 9 og 10 skýrist að mestu leyti af fjölgun andláta hjá einstaklingum 70 ára og eldri.



Mynd 5. Vikulegur fjöldi andláta árána 2018-2022 hjá 70 ára og eldri.

Þannig kemur í ljós að fjölgun andláta sást í febrúar mánuði 2022 miðað við undangengin ár og sömuleiðis í einni viku í janúar 2022, viku 3. Fjölgunin skýrist af umframdaúsföllum hjá aldurshópnum 70 ára og eldri. Leiða má líkur að því að fjölgunin hafi stafað af útbreiddum Covid-19 smitum hjá þessum aldurshópi.

B. Tilkynningar til sóttvarnalæknis um andlát sem tengjast Covid-19.

Frá upphafi Covid faraldursins hafa sóttvarnalækni borist 100 tilkynningar um andlát sem tengjast Covid-19 (272 á hverja milljón íbúa). Sum andlátanna orsakast beint af Covid-19 en hjá öðrum var sjúkdómurinn meðvirkandi þáttur í andlátunum. Í fyrstu þremur bylgjum faraldursins, áður en bólusetningin hófst, var dánarhlutfall hjá smituðum einstaklingum um 0,6% en í seinni bylgjum af völdum delta og ómíkrón afbrigðanna var það 10-15 sinnum lægra eða um 0,04%. Vafalaust má þakka útbreiddum bólusetningum og vægari afbrigðum lægra dánarhlutfall.

Á árinu 2020 bárust 29 tilkynningar til sóttvarnalæknis um andlát af völdum Covid-19, átta á árinu 2021 og 63 á árinu 2022. Flest andlátin voru hjá einstaklingum 70 ára og eldri eða 83% en þrír voru undir þrítugu og þar af eitt barn á þriðja ári.

Af 100 einstaklingum sem létust þá voru 38 óbólusettir, 51 hafði fengið þrjár sprautur og 10 tvær. Hjá einum liggja upplýsingar um bólusetningu ekki fyrir. Af þeim 51 sem fengið hafði þrjár bólusetningar þá voru 94% 70 ára og eldri.

Mikilvægt er að hafa í huga að Covid tengd andlát kunna að vera fleiri en hér er greint frá, því mögulega hafa tilkynningar um öll Covid tengd andlát ekki verið sendar til sóttvarnalæknis.

C. Covid tengd andlát samkvæmt dánarvottorðum.

Sú skylda hvílir á læknum að skrá dánarorsakir allra sem látast á dánarvottorð og senda m.a. til embættis landlæknis. Þar eru dánarorsakirnar skráðar í gagnagrunn samkvæmt stöðluðum aðferðum. Að öllu jöfnu getur tekið nokkrar vikur og mánuði frá andláti þar til að upplýsingar um andlátið hafa verið skráðar hjá embætti landlæknis. Á þessari stundu eru upplýsingar um Covid tengd andlát síðustu mánaða skv. dánarvottorðum því ekki áreiðanlegar en verða það þegar fram líða stundir. Áformað er að gera fljótlega upp Covid tengd andlát skv. dánarvottorðum fyrir árin 2020 og 2021 en upplýsingar fyrir 2022 verða ekki aðgengilegar fyrr en síðar.